

BREYTT DEILISKIPULAG KYNNINGUPPDRÁTTUR

VATNSENDARHVARF - ATHAFNASVÆÐI

Breyting skv. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010
Erindi frá fundi skipulagsráðs nr. 141, dags. 14.4.2023.
ONE / 2304873

Greinargerð:

Deiliskipulagssvæðið sem kallað er Athafnasvæði í Vatnsendahvarfi (svæði IV) afmarkast af fyrirhuguðum Arnarnesvegi í vestur, Tónahvarfi í norður, núverandi byggð í Álfkonuhvarfi í suðri og fyrirhuguðu hverfi Vatnsendahvarfs/Vatnsendahæðar til suðvesturs. Skipulagið er hluti af heildarskipulagi Vatnsenda og var samþykkt 14.05.2008.

Forsendur og markmið:

Bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt að auglýsa tillögu að aðliggjandi deiliskipulagi fyrir Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð í samræmi við aðalskipulag Kópavogs 2019-2040. Nauðsynlegt er að aðlaga mörk deiliskipulags athafnasvæðisins vegna þess. Umrætt deiliskipulag Vatnsendahvarfs/Vatnsendahæðar er auglýst samhliða þessari breytingu á deiliskipulagi.

Tillaga að breytingu:

Í tillögunni felst breyting á mörkum skipulagssvæðis Vatnsenda-athafnasvæðis til samræmis við nýtt deiliskipulag fyrir Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð. Þar er gert ráð fyrir nýrri 500 íbúða byggð á 29 hektara svæði með tvær akstursaðkomur innan Kópavogs, um Kambaveg og Turnahvarf. Mörk deiliskipulags Vatnsenda-athafnasvæðis færast upp að gönguleið meðfram Turnahvarfi og norðan við gönguleið við Kambaveg. Gatnamót Turnahvarfs og Kambavegar verða innan nýs deiliskipulagssvæðis í Vatnsendahvarfi/Vatnsendahæð.

Möguleg umhverfisáhrif:


Umhverfisáhrif vegna breytinga á mörkum skipulagssvæðisins eru talin óveruleg miðað við gildandi deiliskipulag.

Ferill máls:

Skipulagsráð samþykkir með tilvísun í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að framlögð tillaga verði auglýst. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar. Á fundi bæjarstjórnar þann 9.05.2023 var afgreiðsla skipulagsráðs staðfest.

Skýringar


- Byggingarreitir
- Bilageymsla í kjallara
- Mörk skipulagssvæðis
- Lóðarmörk
- N m². Flatarmál lóða
- 5 h+k Fjöldi hæða og kjallari
- Kvæð um trjágróður
- Opíð óbyggt svæði
- Skógræktarsvæði
- 50% Bundin byggingalína
- Öryggisgirðing við vegi
- Reiðleið
- Göngustígur
- Hús fjarlægð
- Manir, hæð um 2,5 metrar
- Upphækkun og/eða þrenging
- B 24/0,7 Heildarfjöldi bílastæða/ hlutfall í kjallara




Skýringarmynd: Hluti aðalskipulags Kópavogs 2019-2040
Samþykkt í Bæjarstjórn 28. september 2021
Staðfest 28. desember 2021 - birt í b-deild 30. desember 2021

Kópavogi, dags.

Auður D. Kristinsdóttir
skipulagsfulltrúi



Deiliskipulag: VATNSENDARHVARF - ATHAFNASVÆÐI í mkv. 1:2000
Samþykkt í bæjarráði / bæjarstjórn 14. maí 2008.



Tillaga að breyttu deiliskipulagi:
Vatnsendahvarf athafnasvæði í mkv. 1:2000